



ÁRSREIKNINGUR LANDSPÍTALA 2018

Efnisyfirlit

	Bls.
Staðfesting ársreiknings	4
Áritun endurskoðenda	5
Rekstrarreikningur	8
Efnahagsreikningur	9
Sjóðstreymi	10
Skýringar	11

Landspítali
Eiríksgötu 5
101 Reykjavík
kt: 500300-2130

Skýrsla stjórnenda Landspítala og staðfesting á ársreikningi fyrir árið 2018

Landspítali (LSH) er þjóðarsjúkrahús og háskólasjúkrahús sem starfar skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, lögum um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012, stjórnarsýslulögum nr. 37/1993, upplýsingalögum nr. 140/2012, lögum um opinber fjármál, nr. 123/2015, svo og öðrum lögum, reglugerðum og stjórnvaldsfyrirmælum, sem snerta kunna spítalann í heild eða einstaka þætti í starfsemi hans. Sjúkrahúsið er A-hluta ríkisstofnun.

Landspítali er þekkingarfyrirtæki og þjónustustofnun í þágu sjúklinga og alls almennings. Spítalinn hefur þrjúþættu hlutverki að gegna, þ.e. þjónustu við sjúklinga, menntun heilbrigðisstarfsmanna og rannsóknunum í heilbrigðisvísindum. Gildi spítalans eru *Umhyggja, Fagmennska, Öryggi og Framþróun*. Spítalinn leggur áherslu á velferð starfsmanna sinna. Ársverk starfsmanna Landspítala voru 4.221 að meðaltali á tímabilinu janúar til desember 2018.

Verulegar breytingar urðu á reikningsskilareglum við gildistöku ákvæða í nýjum lögum um opinber fjármál, nr. 123/2015, sem taka til reikningsskila ríkisaðila. Nokkur óvissa er þó enn um þær reikningsskilaáðferðir, sem nota ber við gerð reikningsskila á árinu 2018, þar sem lögbundnar reglugerðir og verklagsreglur hafa ekki verið gefnar formlega út. Fyrirvara verður því að gera varðandi afkomu og efnahagsstöðu.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið lýsti því yfir snemma árs 2018 að leitað verði heimildar Alþingis fyrir því, að sú neikvæða staða sem uppfærsla orlofs- og frítímaréttarskuldbindingar spítalans í upphafi árs 2017 myndaði verði bætt. Þann 6. maí 2019 samþykkti Alþingi lög til staðfestingar ríkisreiknings 2017, en í 1. gr. laganna er veitt heimild til að bæta stofnunum upp áhrif orlofsskuldbindingar á eigið fé. Færsla þar að lútandi verður gerð í reikningshaldi spítalans á árinu 2019.

Á árinu 2018 var ársveltan um 74.218 m. kr. Tekjuhalli var á árinu 2018 þar sem rekstrargjöld og afskriftir voru 1.426 m. kr. umfram tekjur. Visast í rekstrarreikning og skýringar við greiningu á þessari afkomu ársins.


Eigið fé spítalans er neikvætt samtals að fjárhæð 1.937 m. kr. í árslok 2018. Eignir spítalans nema 18.588 m. kr., en skuldir eru samtals 20.525 m. kr.

Samkvæmt okkar bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningur þessi gefi glögga mynd af rekstri Landspítala á árinu 2018 og eignum, skuldum og eiginfjárstöðu hans 31. desember 2018 í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006, lög um opinber fjármál nr. 123/2015 og stjórnvaldsfyrirmæli.


Með vísan til framangreindra upplýsinga staðfesta forstjóri og framkvæmdastjóri fjármálasviðs ársreikning Landspítala fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík, 10. maí 2019.

Páll Matthíasson
forstjóri



Ólafur Darri Andrason
framkvæmdastjóri



Áritun ríkisendurskoðanda

Til heilbrigðisráðherra og forstjóra Landspítala

Álit

Endurskoðun á meðfylgjandi ársreikningi Landspítala fyrir árið 2018 var framkvæmd samkvæmt lögum 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ríkisendurskoðandi staðfestir samkvæmt bestu vitund að í skýrslu stjórnenda eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Það er álit ríkisendurskoðanda, fyrir utan þau atriði sem tilgreind eru í kaflanum um ástæður fyrir álitinu með fyrirvara, að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu Landspítala 31. desember 2018, afkomu hans og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

Ástæður fyrir álitinu með fyrirvara

Ársreikningur Landspítalans er gerður á grundvelli laga nr. 123/2015 um opinber fjármál (LOF) sem öðluðust gildi 1. janúar 2016 með þeirri undantekningu að ársreikningar ríkisaðila skulu í fyrsta sinn gerðir samkvæmt lögnum fyrir árið 2017.

Við gerð frumvarps að LOF kom fram að breytt reikningsskil fyrir A-hluta ríkissjóðs fela í sér margháttaðar og flóknar breytingar sem þarf að þróa á nokkrum árum. Gert var ráð fyrir að innleiðing nýrra reikningsskilareglna sem byggja á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum fyrir opinbera aðila (IPSAS) gæti tekið allt að þremur árum í samræmi við heimildir og ákvæði sem IPSAS gerir ráð fyrir.

Samkvæmt LOF skal ársreikningur Landspítalans, eins og annarra ríkisaðila í A-hluta, uppfylla kröfur laga um ársreikninga, nr. 3/2006. Þar sem ársreikningur fyrir A-hluta ríkissjóðs í heild skal gerður á grundvelli IPSAS er mismunur á meðferð einstakra liða í ársreikningum einstakra ríkisaðila í A-hluta og ríkisreiknings fyrir A-hlutann í heild. Vegna óvissu um grundvöll reikningsskila A-hluta ríkissjóðs óskaði fjármála- og efnahagsráðuneytið (FJR) með bréfi dagsettu 9. febrúar 2017 eftir því við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið (ANR) að það beitti sér fyrir breytingu á lögum um ársreikninga þannig að í þeim yrði vísað til IPSAS svo hægt væri að nota þá reikningsskilastaðla við gerð ársreikninga fyrir A-hluta ríkisaðila. Með bréfi dagsettu 9. júní 2017 frá ANR til FJR var niðurstaða ANR sú að ráðuneytið taldi varhugavert að blanda saman reikningsskilareglum sem gilda um starfsemi sem rekin er í hagnaðarskyni og reikningsskilareglum sem taka til aðila í opinberum rekstri og lagðist því eindregið gegn breytingu á lögum um ársreikninga.

Með bréfi frá FJR til Fjársýslu ríkisins dagsettu 22. desember 2017 eru fyrirmæli frá ráðuneytinu um að við innleiðingu nýrra reikningsskilastaðla fyrir A-hluta ríkissjóðs skuli fylgja ákvæðum og heimildum IPSAS bæði fyrir ríkissjóð í heild og einstaka ríkisaðila í A-hluta. Í þeim tilvikum sem koma upp álitaefti og frávik á milli ársreikningalaga og alþjóðlegra staðla skuli litið til IPSAS. Í bréfinu kemur jafnframt fram að til að eyða óvissu og auka skýrleika muni ráðuneytið beita sér fyrir viðeigandi breytingum á LOF. Frumvarp til staðfestingar fyrirmælum og áformum ráðuneytisins liggur ekki fyrir.

Það er álit ríkisendurskoðanda að ársreikningur Landspítalans fyrir árið 2018 sé ekki í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur hvað varðar eftirfarandi:

- Að færa til skuldar í efnahagsreikningi mótfærslu við eignfærða varanlegra rekstrarfjármuni að fjárhæð 7.426 milljónir króna (2017: 5.968 milljónir króna), hvort sem fjármuna er aflað

með fjárveitingu frá ríkissjóði eða þeir fengnir að gjöf, sbr. skýringar nr. 2 a), 2 e), 2 f) og nr. 12 í ársreikningi spítalans.

- Að færa til tekna á móti afskriftum í rekstrarreikningi 662 milljónir króna (2017: 680 milljónir króna) sem er tiltekið hlutfall af áður skuldfærðri fjárveitingu og gjöfum, sbr. skýringu nr. 2 a), 2 e), 2 f) og nr. 16 í ársreikningi spítalans.
- Að færa í efnahagsreikningi 5.147 milljónir króna (2017: 5.147 milljónir króna) kröfu á ríkissjóð vegna orlofs- og frítímaskuldbindingar á grundvelli væntinga um samþykki Alþingis, sbr. skýringar nr. 2 g) í ársreikningi spítalans.
- Að færa minniháttar eignarkaup að fjárhæð 432,9 milljónir króna til eignar og afskrifa að fullu á árinu, sbr. skýringu nr. 2 a) í ársreikningi spítalans.
- Að fasteignir sem tilheyra spítalanum eru ekki eignfærðar í efnahagsreikning, fasteignamat fasteignanna er 33.277 milljónir króna, sbr. skýringu nr. 39 í ársreikningi spítalans og að vegna endurbóta á fasteignum spítalans eru eignfærðar 2.058 milljónir króna (2017: 739 milljónir króna) sem eignaverk vegna fasteigna og skuldfært á móti fjárfestingarframlag vegna eignaverka 1.932 milljónir króna (2017: 709 milljónir króna), sbr. skýringu nr. 2 b) í ársreikningi spítalans.

Þær færslur sem gerð er athugasemd við hér að framan byggja á fyrirmælum frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu og er vísað til þeirra í skýringu nr. 1. með ársreikningnum auk upplýsinga í skýrslu stjórnar og einstaka skýringum.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila. Ábyrgð ríkisendurskoðanda samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst hér síðar. Ríkisendurskoðandi er óháður Landspítala og hefur unnið í samræmi við lög 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðenda (INTOSAI). Ríkisendurskoðandi telur að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að undirbyggja álit á ársreikningnum.

Ábyrgð forstjóra á ársreikningnum

Forstjóri er ábyrgur fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga, settar reglur og fyrirmæli. Hann er einnig ábyrgur fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð ríkisendurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið ríkisendurskoðanda er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit á ársreikningnum.

Nægjanleg vissu er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Framkvæmd endurskoðunar hjá ríkisendurskoðanda er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Þá ber við endurskoðunina að fara eftir ákvæðum laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Í þessu felst að ríkisendurskoðanda ber að:

- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og afla endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá reglum innra eftirlits.
- Kanna hvort rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.
- Afla skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.
- Meta hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- Meta í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, meta framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Ríkisendurskoðandi upplýsir forstjóra meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem kunna að koma upp við endurskoðunina, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, 10. maí 2019.



Skúli Eggert Þórðarson
ríkisendurskoðandi

Hinrik Þór Harðarson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur árið 2018

	Skýr.	2018	2017
Tekjur			
Fjárveitingar ríkisins til rekstrar	11, 26, 33	61.226.866	56.127.075
Fjárfestingaframlag, tekjufært	2, 33	658.585	79.390
Framlag v. afskrifta eldri varanlegra rekstrarfjármuna	2, 16	661.734	679.595
Tekjufært ríkisframlag samtals		62.547.185	56.886.060
Þjónustutekjur	15	4.183.554	4.417.240
Tekjufærðir styrkir til fjárfestinga	2	39.095	6.196
Aðrar tekjur	17	3.881.056	3.908.817
S-merkt lyf og blöndunargjöld, sala til SÍ	18	3.567.483	2.894.847
S-merkt lyf, endurkræfur kostnaður	18	(3.328.581)	(2.728.787)
Rekstrartekjur samtals		8.342.607	8.498.312
Tekjur samtals		70.889.791	65.384.372
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	19	53.862.735	48.414.967
Vörunotkun	20	10.026.527	9.173.816
Aðkeypt þjónusta og leigugjöld	21	5.848.772	5.431.141
Annar rekstrarkostnaður	22	1.234.366	1.562.269
		70.972.399	64.582.193
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	23	1.379.738	784.927
Gjöld samtals		72.352.137	65.367.122
Tekjuhalli án fjármagnsliða		(1.462.346)	17.250
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	25	36.125	44.923
(Tekjuhalli)/Tekjuafgangur	11, 14	(1.426.221)	62.173

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eignir	Skýr.	31.12.2018	31.12.2017
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	2	86.736	92.074
Varanlegir fastafjármunir	2, 23, 24	6.726.414	5.854.075
Eignaverk vegna fasteigna		<u>2.057.652</u>	<u>738.755</u>
Fastafjármunir		<u>8.870.802</u>	<u>6.684.904</u>
Áhættufjármunir			
Hlutabréf	2, 27	<u>2.500</u>	<u>2.500</u>
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	8, 28	934.635	821.102
Skammtímakröfur	9, 25, 29, 30	2.043.212	2.137.558
Ríkissjóður	33	825.048	1.228.408
Ríkissjóður v. orlofsskuldbindingar	2	5.146.598	5.146.598
Fyrirframgreiddur kostnaður og verk í vinnslu	2, 31	753.705	398.891
Handbært fé	10	<u>11.174</u>	<u>17.263</u>
Veltufjármunir		<u>9.714.371</u>	<u>9.749.820</u>
Eignir samtals		<u>18.587.673</u>	<u>16.437.224</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Höfuðstóll í ársbyrjun		(724.648)	(786.821)
Endurmats- og breytingareikningur	11	213.769	
Tekjuhalli		<u>(1.426.221)</u>	<u>62.173</u>
Eigið fé samtals, neikvætt	11	<u>(1.937.100)</u>	<u>(724.648)</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Skuldbindandi samningar á móti eignfærslu	12, 32	77.659	113.986
Næsta árs afborgun		(37.458)	(38.597)
Frestað framlag v. eldri varanlegra rekstrarfjármuna	2, 33	3.644.658	4.435.133
Fyrirframinnheimt fjárfestingaframlag	2, 12, 33	2.848.324	1.306.575
Fjárfestingaframlag v. eignaverka	2	1.931.997	709.397
Fyrirframinnheimtar gjafir og styrkir v. fjárfestinga	2, 16	933.057	225.909
Innlausn frestaðra tekna á árinu 2019		<u>(1.051.064)</u>	<u>(869.080)</u>
		<u>8.347.175</u>	<u>5.883.323</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	13, 34	3.747.974	3.641.339
Orlofsskuldbinding og frítímaréttur	35	6.078.945	5.567.146
Ógr. laun og launatengd gjöld	35	1.262.159	1.162.387
Næsta árs afborgun samninga		37.458	38.597
Innlausn frestaðra tekna á árinu 2019		<u>1.051.064</u>	<u>869.080</u>
Skammtímaskuldir		<u>12.177.599</u>	<u>11.278.549</u>
Skuldir samtals		<u>20.524.774</u>	<u>17.161.872</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>18.587.673</u>	<u>16.437.224</u>
Eignir utan efnahagsreiknings	39		
Skuldbindingar utan efnahagsreiknings	40		

Skýringar

Grundvöllur reikningskila og reikningsskilaaðferðir

1. Lög og reglur:

Landspítali er A-hluta ríkisstofnun. Ársreikningur spítalans fyrir 2018 er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, nr. 123/2015, lög um ársreikninga, nr. 3/2006, og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga, nr. 696/1996, auk framkominna stjórnvaldsfyrirmæla. Verulegar breytingar eru gerðar á reikningsskilaaðferðum miðað við fyrri ár í nýjum lögum um opinber fjármál, sbr. skýringu nr. 2.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið gaf þann 20. febrúar 2018 út minnisblað um *Ýmsar breytingar á fjárveitingum og reikningsskilum með lögum um opinber fjármál*. Ársreikningur Landspítala 2018 er gerður í samræmi við reglur og leiðbeiningar, sem þar koma fram.

2. Reikningsskilaaðferðir og breytingar á þeim:

Reikningsskilaaðferðir byggja á ákvæðum laga nr. 3/2006, um ársreikninga, og á alþjóðlegum reikningsskilastaðli fyrir opinbera aðila, IPSAS. Þar sem reglur staðalsins og ársreikningalaga fara ekki saman gilda reglur reikningsskilastaðalsins.

Reikningsskil Landspítala skulu vera á rekstrargrunni. Helstu reikningsskilaaðferðir eru sem hér segir:

a) Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum, einkum í tækjabúnaði, er eignfærð í efnahagsreikningi á kostnaðarverði eða matsvirði sé um gjafir að ræða og afskrifuð á áætluðum notkunartíma. Varanlegir rekstrarfjármunir voru fyrir 2017 gjaldfærðir sem stofnkostnaður í rekstrarreikningi. Varanlegir rekstrarfjármunir, sem keyptir voru á árunum 2011 til 2016, eru endurmetnir og færðir til eignar við upphaflegu kostnaðarverði, afskrifað frá kaupári. Endurmat þeirra er fært sem frestað framlag meðal skulda. Framlagið verður innleyst í rekstrarreikningi á móti gjaldfærðum afskriftum þessara eigna á eftirstöðvum líftíma þeirra.

Í samræmi við fyrirmæli frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu og Fjársýslu ríkisins er sú breyting gerð á reikningsskilaaðferðum frá fyrra ári að minniháttar eignakaup að fjárhæð 432,9 m.kr. eru eignfærð en síðan afskrifuð að fullu.

b) Fasteignir Landspítala eru ekki eignfærðar hjá honum skv. ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Viðhald fasteigna og fasteignagjöld eru þó gjaldfærð sem rekstrarkostnaður í rekstrarreikningi 2018, enda fjárheimildir tekjufærðar á móti. Aftur á móti er endurbótum á fasteignum og nýframkvæmdum haldið sérstaklega til haga og sá kostnaður vegna verkanna færður meðal fastafjármuna. Hann er nefndur þar "Eignaverk vegna fasteigna". Á móti er meðal langtímaskulda bókað „Fjárfestingaframlag vegna eignaverka“. Ríkissjóður innheimtir ekki húsaleigu hjá Landspítala á árinu 2018 og eru því not spítalans af fasteignunum endurgjaldslaus á árinu.

c) Óefnislegar eignir, sem aflað hefur verið 2016 eða fyrr, voru ekki endurmetnar og færðar til eignar eins og á við um aðrar fjárfestingar. Óefnislegar eignir, svo sem hugbúnaður, sem fjárfest var í á árunum 2017 og síðar, eru færðar til eignar meðal fastafjármuna. Bókfært verð þeirra í árslok 2018 er 86,7 m. kr. Sjá skýringu 23.

d) Fyrirframgreiddur kostnaður er færður til eignar ef líklegt er talið að sá ávinningur sem felst í þeirri eign muni leiða til aukins verðmætis fastafjármuna Landspítala í framtíðinni.

e) Fjárfestingaframlag á fjárlögum er ekki tekjufært í rekstrarreikningi á fjárveitingarári. Framlagið er fært sem skuld í efnahagsreikning sem fyrirfram innheimtar tekjur. Innlausn í rekstrarreikningi verður á móti afskriftum yfir tíma.

Skýringar

f) Gjafir og styrkir til fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum eru ekki færðir til tekna í rekstrarreikningi á móttökuári, heldur sem skuld í efnahagsreikningi sem fyrirfram innheimtar tekjur, sbr. e-lið hér að framan. Innlausn í rekstrarreikningi verður á móti afskriftum á notkunartíma eignanna.

g) Skuldbinding spítalans vegna orlofs- og annarra áunninna fjarvistaréttinda starfsmanna í lok árs 2018 er færð til skuldar í efnahagsreikningi. Gjaldfærsla í rekstrarreikningi á sér stað við ávinnslu réttinda. Orlofsskuldbindingin í ársbyrjun 2017 var bókuð yfir höfuðstól í stofnefnahagsreikningi en þeirri færslu breytt á árinu 2017 samkvæmt fyrirráðum fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Færslan er nú meðal veltufjármuna. Réttur lækna til námsleyfis er ekki færður sem skuldbinding í efnahagsreikningi vegna óvissu um úttekt. Kostnaður vegna þessara leyfa er gjaldfærður við úttekt. Reiknuð skuldbinding vegna námsleyfa er tilgreind í skýringu utan efnahagsreiknings.

h) Skuldbindandi samningar til kaupa á varanlegum rekstrarfjármunum, sem áður voru utan efnahagsreiknings, eru færðir í reikningsskilin enda eignfærsla á móti. Stofnanir eiga þó almennt ekki að taka lán eða stofna til skuldbindinga til lengri tíma án sérstakra heimilda.

i) Húsaleigusamningar eru ekki færðir sem skuldbinding í stofnefnahagsreikningi 31. desember 2018 og réttindi ekki færð til eignar á móti. Sama á við um skuldbindandi samninga, sem gerðir hafa verið við öflun óefnislegra eigna á fyrri árum. Sjá um skuldbindingar utan efnahagsreiknings í skýringu nr. 40.

3. Bókhald og fjármál:

Bókhald Landspítala er fært hjá spítalanum í samræmdu bókhaldskerfi ríkisstofnana. Spítalinn annast sjálfur um allar fjárreiður, forsendur launa og starfsmannahald.

4. Skattar:

Landspítali greiðir ekki tekjuskatt. Meginstarfsemi spítalans fellur undir 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Einstakir þættir í rekstri spítalans falla þó undir lögbundin virðisaukaskattsskil eða varða endurgreiðslu virðisaukaskatts.

5. Skráning tekna:

Rekstrartekjur spítalans eru bókaðar í þeim mánuði sem þær falla til. Rekstrarframlag ríkisins er fært í rekstrarreikning á grundvelli fjárlaga og fjáráukalaga og í samræmi við ákvæði í fylgiriti með fjárlögum ársins. Sjá ákvæði um fjárfestingaframlag í skýringu 2 e) hér að framan.

6. Skráning gjalda:

Gjöld spítalans eru bókuð í þeim mánuði sem til þeirra er stofnað. Í lok reikningstímabils eru áfallin en ógreidd gjöld færð í rekstrarreikning og sem skuldir í efnahagsreikningi.

7. Áhættufjármunir:

Hlutfjáreign Landspítala í Rannsókn- og háskólaneti Íslands hf. er færð í efnahagsreikninginn við nafnverði, án endurmats. Hlutir í 10 sprotafyrirtækjum eru ekki færðir til eignar í efnahagsreikningi, enda er ekkert kostnaðarverð fyrir hendi. Eignarhlutar eru í öllum tilvikum nema einu undir 10% og áhrif á stjórnun félaganna afar takmörkuð. Eignarhluti í einu hlutfélagi, Auðna-tæknitorg ehf. er 17,3%. Hlutdeildaraðferð við færslu eignarhlutanna í reikningsskilin kemur ekki til álita. Sjá nánar í skýringu nr. 27.

8. Vörubirgðir:

Vörubirgðir eru metnar á meðalkostnaðarverði á grundvelli stöðu í birgðakerfum og birgðatalninga, að teknu tilliti til niðurfærslu til varúðar vegna eldri vara og lagerhalds. Niðurfærsla hvers lagers er metin sérstaklega.

Skýringar

9. Skammtímakröfur:

Skammtímakröfur á skuldunauta eru færðar í efnahagsreikning á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu vegna áætlaðs taps á útistandandi viðskiptakröfum. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

10. Handbært fé:

Handbært fé samanstendur af reiðufé í sjóðum og bankainnstæðum.

11. Eigið fé:

Ójafnað eigið fé spítalans nemur í lok árs um 1.937,1 m. kr. Leiðréttingar á upphafsstöðu eru gerðar til að gæta samræmis við færslur og aðferðir Fjársýslu ríkisins (FJS) við gerð ríkisreiknings. Gerð er grein fyrir breytingu eigin fjár á árinu 2018 í meðfylgjandi sundurliðun.

Ójafnað eigið fé 1. janúar 2018	(724.648)
Leiðrétting á viðskiptareikningi við ríkissjóð í samræmi við FJS		85.028
Sjálfstæðar rekstrareiningar teknar út úr frestuðum tekjum		128.740
Tekjuhalli án ríkisframlags	(63.973.406)
Ríkisframlag ársins		62.547.185
	Tekjuhalli ársins	(1.426.221) (1.426.221)
	Neikvætt eigið fé 31. desember 2018	(1.937.100)

12. Langtímaskuldir:

Skuldbindandi samningar til langs tíma eru færðir á núvirði að frádregnum greiddum afborgunum. Eftirstöðvar eru reiknaðar miðað við gildandi gengi eða vísitölu í árslok, ef slíkur umreikningur á við. Jafnframt er fyrirframinnheimt fjárfestingaframlag, frestað framlag vegna eldri varanlegra rekstrarfjármuna og fyrirframinnheimtar gjafir og styrkir færðir meðal langtímaskulda, sbr. skýringar 2 a), e) og f). Þessar fyrirframinnheimtu tekjur eru ekki færðar í rekstrarreikning.

13. Viðskiptaskuldir:

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum.

Skýringar

Sundurliðanir og skýringar

14. Starfsþáttgreining:

Samkvæmt stjórnskipulagi spítalans árið 2018 skiptist hann í 12 aðskildar rekstrareiningar, sem ýmist eru klínísk svið eða stoðsvið. Undir þessum skipulagseiningum eru svo sjálfstæðar rekstrareiningar. Spítalanum má í megindráttum skipta í tiltekna starfsþætti á árinu 2018. Þessir starfsþættir og afkoma þeirra er sem hér segir:

	2018	2017
Stoðsvið án rekstrarsviðs og apóteks.....	57.236	42.598
Rekstrarsvið án þvottahúss.....	(71.841)	(34.501)
Klínísk svið án heilbrigðis- og upplýsingatæknideildar.....	(1.661.863)	(1.495.375)
Apótek.....	15.554	(7.615)
Þvottahús.....	(28.428)	(29.198)
Heilbrigðis- og upplýsingatæknideild.....	6.514	(5.516)
Utan sviða, óreglulegir liðir.....	256.607	1.591.781
Samtals	(1.426.221)	62.174

15. Þjónustutekjur:

Þjónustutekjur fela í sér tekjur spítalans af eiginlegri heilbrigðisþjónustu til einstaklinga, annarra sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva, auk leigu á ýmsum hjálpartækjum vegna sjúkdóma. Tekjur af þessari þjónustu lækka frá árinu 2017 um 5,3%.

Rannsóknir.....	1.699.063	1.683.838
Komur á göngudeildir og bráðadeildir	891.547	982.042
Daggjöld og tekjur af ósjúkratryggðum sjúklingum.....	917.116	895.173
Sérfræðiþjónusta, önnur.....	421.370	549.252
Hjálpartæki og önnur seld þjónusta.....	254.458	306.935
Samtals	4.183.554	4.417.240

16. Styrkir til kaupa á tækjabúnaði og til annarra fjárfestinga:

Styrkir og gjafir til fjárfestinga á spítalanum koma frá sjálfstæðum sjóðum, líknarsamtökum, félagasamtökum og einstaklingum. Oftast eru framlögin reidd fram hverju sinni vegna tiltekins búnaðar. Sjá skýringu nr. 2 f) um tekjufærslu gjafa og styrkja í rekstrarreikningi og bókun sem fyrirframinnheimtar tekjur í efnahagsreikningi. Á árinu 2018 voru innkomnar gjafir og styrkir vegna fjárfestinga samtals 551,9 m.kr.

Skýringar

17. Aðrar tekjur:

Aðrar tekjur spítalans samanstanda af ýmsum tekjuliðum, öðrum en tekjum af eiginlegri heilbrigðisþjónustu. Þessi liður lækkar um 27,8 m. kr. á milli ára.

	2018	2017
Selt fæði.....	249.484	244.458
Rannsókn- og þróunarverkefni.....	132.176	110.560
Seld þjónusta.....	1.257.502	1.469.704
Framlög og gjafir, aðrar en framlög til fjárfestingar.....	58.039	72.401
Vörusala.....	1.952.814	1.596.897
Leigutekjur.....	103.674	160.039
Aðrar tekjur.....	127.368	254.758
Samtals	3.881.056	3.908.817

18. S-merkt lyf:

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) bera ábyrgð á kostnaði vegna S-merktra lyfja sjúklinga á dag- og göngudeildum. Landspítali annast innkaup lyfjanna en gerir endurkröfu með tekjureikningum á SÍ.

S-merkt lyf, sala til SÍ án vsk og álagningar.....	3.449.587	2.811.775
S-merkt lyf, blöndunargjöld og afgreiðslugjald.....	117.896	83.072
S-merkt lyf, endurkræfur kostnaður.....	(3.328.581)	(2.728.787)
Samtals	238.901	166.060

19. Laun og launatengd gjöld:

Launagjöld á Landspítala hækka um 11,3% frá fyrra ári. Þar af skýra launahækkanir u.þ.b. 6,5 prósentustig. Aðrar skýringar eru fjölgun ársverka milli ára, aukning í yfirvinnu og áhrif launahækkana á gjaldfærða leyfisskuldbindingu.

Dagvinnulaun.....	29.514.480	26.802.466
Yfirvinna.....	6.501.945	5.598.236
Álagsgreiðslur.....	5.708.246	5.244.793
Önnur laun.....	2.204.591	1.894.554
Launatengd gjöld.....	9.933.472	8.874.918
Samtals	53.862.735	48.414.967

Ársverk starfsmanna Landspítala voru 4.221 að meðaltali á árinu 2018, en þau voru til samanburðar 4.073 á árinu 2017. Á árinu 2018 voru 5.489 starfsmenn að störfum að meðaltali í hverjum mánuði á spítalanum í mismunandi starfshlutfalli, en til samanburðar var sá fjöldi 5.305 á árinu 2017. Miðað er við alla starfsmenn sem verið hafa á launaskrá, bæði dagvinnufólk og tímavinnufólk.

20. Vörunotkun:

Í meðfylgjandi sundurliðun er gerð grein fyrir hinum ýmsu liðum vörukaupa, að teknu tilliti til birgðabreytinga þar sem við á. Vörunotkun hækkar um 9,3% á milli ára. Í skýringu nr. 28 má sjá vörubirgðir 31. desember 2018 og 2017.

Skýringar

	2018	2017
Lækninga- og hjúkrunarvörur	3.954.416	3.757.064
Lyf	3.310.463	2.818.693
Rannsóknvörur.....	866.712	802.242
	<u>8.131.591</u>	<u>7.377.999</u>
Matvæli.....	834.164	765.335
Orkugjafar.....	414.865	413.019
Tímaritaáskrift, bækur og skrifstofuvörur.....	206.509	199.730
Byggingavörur.....	189.205	212.216
Lín, fatnaður og hreinlætisvörur.....	250.193	205.517
	<u>1.894.936</u>	<u>1.795.818</u>
Samtals	<u>10.026.527</u>	<u>9.173.816</u>

21. Aðkeypt þjónusta og leigugjöld:

Aðkeypt þjónusta og leigugjöld nema samtals 5.848,8 m. kr. á árinu 2018. Þessi liður hækkar um 7,7% milli ára. Stærstu kostnaðarliðirnir eru ýmis konar aðkeypt sérfræðiþjónusta og verkkaup.

Sérfræðiþjónusta.....	1.799.301	1.615.166
Verkkaup.....	2.272.393	2.085.036
Leigu- og afnotagjöld.....	431.349	445.549
Ferðir, fundir, risna o.fl.	419.278	370.809
Aðkeyptur akstur.....	607.253	584.323
Flutningaþjónusta.....	145.753	148.527
Annað.....	173.446	181.732
Samtals	<u>5.848.772</u>	<u>5.431.141</u>

22. Annar rekstrarkostnaður:

Annar rekstrarkostnaður samanstendur meðal annars af opinberum gjöldum og framlögum til rannsókna. Fasteignagjöld eru bókuð til gjalda í rekstrarreikningi þrátt fyrir að fasteignir séu ekki eignfærðar hjá Landspítala. Kostnaðurinn lækkar um 327,9 m. kr. milli ára. Stærsta breytingin er í minniháttar tækjum, áhöldum og varahlutum, en meira var eignfært af þessum búnaði 2018 en árið 2017. Sjá skýringu 2a).

Opinber gjöld og tryggingar.....	485.000	506.583
Framlag til rannsókna og gæðaverkefna.....	126.558	81.009
Minniháttar tæki, áhöld, varahlutir.....	521.932	914.244
Ýmis óreglulegur kostnaður.....	100.876	60.433
Samtals	<u>1.234.366</u>	<u>1.562.269</u>

Skýringar

23. Yfirlit um fjárfestingar, afskriftir þeirra og bókfært verð:

	Lækninga- tæki	Tölvur og óefnislegar eignir	Bifreiðar og farartæki	Annað lausafé	Samtals
Kostnaðarverð					
Staða 1. janúar 2018.....	6.759.049	447.452	50.363	900.082	8.156.946
Fjárfesting 2018.....	1.574.769	72.179	34.573	132.540	1.814.061
Sala/úrelding 2018, kostnaður færður út.....	0	(93.485)	(911)	(7.738)	(102.134)
Staða 31. desember 2018.....	8.333.818	426.146	84.025	1.024.885	9.868.874
Afskriftir					
Afskrift fyrir 1. janúar 2018.....	1.770.229	195.439	14.913	230.215	2.210.797
Afskrifað 2018, eignir keyptar 2016 og fyrr	546.493	35.514	5.655	93.542	681.204
Afskrifað 2018, eignir keyptar 2017.....	203.072	40.514	1.472	20.576	265.634
	2.519.794	271.468	22.040	344.333	3.157.635
Afskriftir seldra/úreldra eigna, færðar út.....	0	(93.485)	(689)	(7.738)	(101.912)
Staða 31. desember 2018.....	2.519.794	177.982	21.352	336.596	3.055.724
Bókfært verð 31. desember 2018.....	5.814.024	248.163	62.673	688.289	6.813.150

Afskriftir taka mið af áætluðum notkunartíma ofangreindra fjárfestingarliða. Afskrifta hlutföll eru sem hér segir:

Lækninga- tæki	Tölvur og óefnislegar eignir	Bifreiðar og farartæki	Annað lausafé
10%-12,5%	10%-20%	10%-12,5%	0%-20%

24. Sjálfstæðar rekstrareiningar. Yfirlit um fjárfestingar, afskriftir þeirra og bókfært verð:

Nokkrar einingar spítalans fá ekki fé til fjárfestinga af fjárfestingarframlagi m.a. vegna samkeppnisaðstæðna og því er haldið utan um tækjakaup þeirra sérstaklega. Neðangreind tafla sýnir stöðu tækjabúnaðar á þessum einingum.

	Þvottahús	Dauðhreinsun	Apótek	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða 1. janúar 2018.....	145.403	15.161	42.678	203.242
Fjárfesting 2018.....	0	0	0	0
Staða 31. desember 2018.....	145.403	15.161	42.678	203.242
Afskriftir				
Afskrift fyrir 1. janúar 2018.....	38.874	8.465	6.838	54.177
Afskrifað 2018.....	14.540	1.516	4.268	20.324
Staða 31. desember 2018.....	53.415	9.981	11.106	74.501
Bókfært verð 31. desember 2018.....	91.988	5.180	31.572	128.740

Skýringar

25. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):

Vaxtatekjur spítalans, sem einkum eru af kröfum á skuldunauta, eru færðar til tekna í rekstrarreikningi á því tímabili sem til þeirra er unnið. Kröfur, þ. á m. vaxtakröfur, eru færðar niður í lok tímabilsins vegna þekktrar eða metinnar tapsáhættu, sbr. skýringu nr. 30. Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

	2018	2017
Vaxtatekjur.....	13.900	18.938
Vaxtagjöld.....	(19.031)	(12.262)
Gengismunur.....	41.256	38.247
Samtals	36.125	44.923

26. Fjárheimildir og rekstur:

Í fjárheimildum ársins 2018, að millifærslum meðtöldum, voru Landspítala ætlaðar 64.488,2 m. kr. í ríkisframlag. Áætlaðar fjárheimildir tímabilsins eru tilgreindar á grundvelli áætlaðra raunútgjalda sviða yfir árið sbr. meðfylgjandi yfirlit.

	Fjárheimildir ársins 2018	Áætlun jan til des	Árs- reikningur	Mismunur
Laun og launatengd gjöld.....	(51.363.934)	(52.860.148)	(53.862.735)	(1.002.587)
Önnur rekstrargjöld.....	(14.945.632)	(16.494.146)	(17.109.665)	(615.519)
Rekstrartekjur.....	5.082.700	8.131.695	8.303.511	171.816
				(1.446.289)
	Rekstrarniðurstaða			
Afskriftir.....		(1.363.682)	(1.379.738)	(16.056)
Fjárfestingaframlag.....	(3.261.300)	658.585	658.585	0
Framlag v. afskrifta eldri varanlegra rekstrarfjármuna		661.734	661.734	0
Styrkir og gjafir til fjárfestinga.....		39.095	39.095	0
Vextir og gengismunur.....		0	36.125	36.125
Mismunur gjalda og tekna	(64.488.166)	(61.226.867)	(62.653.087)	(1.426.221)

27. Hlutfjáreign:

Hlutfjáreign er hlutur Landspítala í Rannsókn- og háskólaneti Íslands hf. Sá hlutur er bókaður á nafnverði og nemur eignarhluturinn 4,6% af heild. Að auki er spítalinn lítill hluthafi í 10 einkahlutafélögum á Íslandi, en þau félög teljast til sprotafyrirtækja. Landspítali hefur eignast hlutina án endurgjalds í peningalegum verðmætum, en fengið þá í stað aðstöðusköpunar, tímabundins vinnuframlags starfsmanna eða við framsal réttinda. Nafnverð þessara hluta er samtals 325,6 þús. kr. í árslok 2018 og hlutdeild Landspítala er á bilinu 0,3%-17,3% af heild. Óvissa er talsverð um raunverulegt fjárhagslegt verðmæti flestra þessara hluta. Skoðun á árinu 2018 leiddi hvorki til þess að þessir hlutir væru endurmetnir né að hlutdeildaraðferð væri beitt við færslu hlutanna til eignar í efnahagsreikningi. Á árinu var eignahlutur í einu sprotafyrirtæki selt, Oculis ehf, og eitt sprotafyrirtæki bættist við, Auðna- tæknitorg ehf.

28. Vörubirgðir:

Bókfært verðmæti vörubirgða spítalans hækkar um 12,1% milli árana 2018 og 2017. Birgðir eru metnar á kostnaðarverði, eftir niðurfærslu til varúðar vegna eldri vara og lagerhalds. Matið og niðurfærslan er mismunandi eftir lagerum.

Skýringar

	Varúðar niðurfærsla birgða 31.12.2018	Verðmæti birgða eftir niðurfærslu 31.12.2018	Verðmæti birgða eftir niðurfærslu 31.12.2017
Lækninga- og hjúkrunarvörur.....	17.523	285.398	257.355
Lyf.....	13.806	298.905	247.223
Rannsókn- og röntgenvörur.....	22.920	268.481	238.237
Rekstrarvörur.....	3.938	60.772	60.722
Matvæli.....	1.697	21.079	17.565
Samtals	59.883	934.635	821.102

29. Skammtímakröfur:

Skammtímakröfur, þ.m.t. viðskiptakröfur, eru einkum vegna vörusölu eða seldrar þjónustu til Sjúkratrygginga Íslands, heilbrigðisstofnana og almennings. Í meðfylgjandi töflu eru tilgreindar útistandandi kröfur spítalans á helstu flokka skuldunauta.

	2018	2017
Viðskiptakröfur:		
Heilbrigðisstofnanir.....	231.934	194.552
Sjúkratryggingar Íslands.....	820.549	738.866
Einstaklingar.....	506.840	474.699
Erlendar kröfur.....	324.268	373.776
Fyrirtæki og ýmsar stofnanir.....	213.150	410.627
Viðskiptakröfur samtals	2.096.742	2.192.521
Aðrar skammtímakröfur:		
Aðrar kröfur.....	121.199	122.038
Kröfur samtals	2.217.941	2.314.559
Niðurfærsla viðskiptakrafna.....	(174.728)	(177.001)
	2.043.212	2.137.558

30. Niðurfærsla viðskiptakrafna:

Viðskiptakröfur spítalans eru færðar niður til að mæta þekktu eða áætluðu tapi. Niðurfærslureikningur í árslok og breyting hans á árinu er sem hér segir:

Niðurfærslureikningur 1. janúar 2018	177.001
Bein afskrift tapaðra krafna 2018	(124.324)
Framlag í niðurfærslureikning 2018	122.052
Niðurfærslureikningur 31. desember 2018	174.728

31. Fyrirframgreiddur kostnaður og verk í vinnslu:

Útgjöld til eignaverka vegna fasteigna eru færð upp til eignar meðal fastafjármuna í efnahagsreikningi, enda er Landspítali ekki eigandi fasteignanna. Fasteignir eru eignfærðar hjá ríkissjóði og því er um kröfu á ríkissjóð að ræða. Hún er færð sem langtímakrafa. Á móti er langtímaskuld sem er fjárfestingaframlag vegna fasteigna.

Fyrirframgreiddir kostnaðarliðir og verk í vinnslu í lok desember sundurgreinast sem hér segir:

Skýringar

	31.12.2018	31.12.2017
Fyrirframgreiddur kostnaður	383.439	208.990
Verk í vinnslu	370.267	189.901
Samtals	<u>753.705</u>	<u>398.891</u>

32. Skuldbindandi samningar í efnahagsreikningi:

Skuldbindandi samningar undir langtímaskuldum í lok desember eru fjármögnunarleigusamningar við eignaleigufyrirtæki og aðrir skuldbindandi samningar við öflun eigna. Í ársreikningi 2018 eru slíkir samningar flokkaðir sem langtímaskuld þar sem samningsskilmálar gera meðal annars ráð fyrir að verulegur hluti áhættu og hagur af fjárfestingu sé færður yfir á Landspítala. Vísað er til upplýsinga um aðra skuldbindandi samninga frá fyrri árum utan efnahagsreiknings í skýringu nr. 40. Hreyfingar og staða samninga undir langtímaskuldum er sem hér segir:

	Ógjaldfallnar eftirstöðvar		Núvirtar eftirstöðvar	
	31.12.2018	31.12.2017	31.12.2018	31.12.2017
Greiðslur á næsta reikningsári	40.740	44.327	43.618	42.303
Greiðslur á öðru reikningsári og síðar	43.892	82.280	34.042	71.683
	<u>84.632</u>	<u>126.607</u>	<u>77.659</u>	<u>113.986</u>
Framtíðar vaxtagjöld	(6.973)	(12.621)		
Núvirtar eftirstöðvar	<u>77.659</u>	<u>113.986</u>		

33. Ríkissjóður:

Í efnahagsreikningi er greiðslustaða Landspítala við ríkissjóð tilgreind sérstaklega. Þessi staða sýnir mismun á milli ríkisframlaga og greiðslna úr ríkissjóði til spítalans. Jafnframt eru fjárfestingaframlög ársins færð yfir viðskiptareikninginn. Í lok ársins nam inneign spítalans hjá ríkissjóði rúmum 825,0 m. kr. og er þá krafa spítalans vegna orlofs- og frítímaréttarskuldbindingar 1. janúar 2017 ekki meðtalin. Staða og hreyfingar í viðskiptum við ríkissjóð eru sem hér segir:

Staða 1. janúar 2018	1.228.408
Leiðrétting á eigin fé í samræmi við FJS	85.028
Leiðrétting á fjárfestingaframlagi í samræmi við FJS	161.634
Framlag til rekstrar	61.226.866
Fjárfestingaframlag	2.038.700
Framlag vegna eignaverka	1.222.600
Móttæknar greiðslur	(65.138.189)
Staða 31. des 2018	<u>825.048</u>

34. Viðskiptaskuldir:

Viðskiptaskuldir eru að stórum hluta vegna lyfjakaupa og annarra vörukaupa frá birgjum.

35. Orlof og annar launatengdur frítímaréttur

	31.12.2018	31.12.2017
Sumarorlof.....	4.199.810	3.824.731
Hvíldartímafrí.....	1.163.956	1.141.472
Vaktafrí og annar áunninn frítími.....	715.178	600.943
	<u>6.078.945</u>	<u>5.567.146</u>

Skýringar

36. Ógreidd laun og launatengd gjöld

	31.12.2018	31.12.2017
Ógreidd laun án kjarasamningsbreytinga	31.000	33.500
Ógreidd laun vegna kjarasamningsbreytinga	42.810	124.498
Ógreidd laun vegna síðari hluta desember mánaðar	1.188.349	1.004.389
	<u>1.262.159</u>	<u>1.162.387</u>

37. Fimm ára rekstraryfirlit:

Í meðfylgjandi yfirliti er gerð grein fyrir þeirri þróun sem orðið hefur í rekstrarafkomu og efnahag spítalans á árunum 2014-2018. Fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs.

Yfirlit yfir rekstur og efnahag árunum 2014-2018, á verðlagi hvers árs:

Fjárhæðir í millj.kr.	2018	2017	2016	2015	2014
Rekstur					
Tekjur.....	8.343	8.498	8.272	6.632	4.876
Gjöld.....	(70.936)	(64.537)	(58.477)	(52.233)	(46.861)
Afskriftir/ Stofnkostnaður og endurbætur.....	(1.380)	(785)	(2.506)	(2.414)	(2.318)
Gjöld umfram tekjur	(63.973)	(56.824)	(52.711)	(48.016)	(44.303)
Ríkisframlag samtals.....	62.547	56.886	52.626	48.071	43.554
(Tekjuhalli) tekjuafgangur ársins	(1.426)	62	(85)	56	(749)
Efnahagur					
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	8.871	5.946			
Áhættufjármunir.....	3	3	3	3	3
Veltufjármunir.....	9.714	10.489	3.708	2.400	2.187
Eignir samtals	18.588	16.437	3.710	2.403	2.189
Höfuðstóll.....	(1.937)	(725)	112	(2.722)	(2.788)
Langtímaskuldir.....	8.347	5.174	30	34	38
Skammtímaskuldir.....	12.178	11.988	3.568	5.091	4.930
Eigið fé og skuldir samtals	18.588	16.437	3.710	2.403	2.189

38. Sér sjóðir:

Landspítali hefur tekið að sér þjónustu við og fjárhagslega umsjón með ýmsum sjálfseignarstofnunum, sér sjóðum og verkefnum, sem tengjast starfsemi spítalans. Meðal annars er um að ræða fjárstýringu og reglubundna skráningu tekna og gjalda í fjárhagsbókhaldi, auk launabókhalds. Bókhald þessara aðila er ekki hluti af bókhaldi Landspítala.

Þessa sér sjóði má í meginráttum flokka í tvennt:

Sjóðir með staðfesta skipulagsskrá eða sjóðsreglur

Í þessum flokki eru 9 lögaðilar og 61 sjóður. Þeirra á meðal má nefna Vísindasjóð LSH, Berklaiveikrasjóðinn Þorbjörg, Minningarsjóð Margrétar Oddsdóttur og Landspítalasjóð Íslands. Meðal stærstu einstakra undirsjóða Landspítalasjóðs eru sjóðir sem tengjast barnadeildum spítalans. Bankareikningar sem tilheyra þessum sér sjóðum eru samtals 44 og innstæða í árslok 2018 nemur samtals 585,5 m. kr.

Rannsóknar- og vísindaverkefni

Fjölmargir einstaklingar og hópar eru skráðir fyrir sjóðum er tengjast ýmsum sjálfstæðum rannsóknar- og vísindaverkefnum. Fjöldi bankareikninga vegna þessara verkefna í árslok 2018 er 207. Innstæður á einstökum bankareikningum eru mjög mismunandi, eða allt frá fáeinum krónum til 28,2 m. kr. Samtals eru innstæður á þessum reikningum í árslok 2018 um 692,7 m. kr.

Skýringar

39. Eignir utan efnahagsreiknings:

Fasteignir sem tilheyra Landspítala eru ekki eignfærðar í efnahagsreikningi samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Í meðfylgjandi sundurliðun er tilgreint fasteigna- og brunabótamat þeirra fasteigna, sem tilheyra spítalanum í lok árs 2018.

	Fasteignamat	Brunabótamat
Hringbraut.....	15.038.469	20.699.045
Fossvogur.....	6.403.080	10.016.870
Landakot.....	1.781.130	2.652.320
Kópavogur.....	2.175.050	2.083.150
Kleppur.....	1.754.253	1.897.531
Vífilsstaðir.....	1.160.671	1.437.889
Grensás.....	959.220	1.424.550
Tunguháls.....	645.000	670.350
Sumarhús starfsmanna.....	320.512	296.140
Aðrar eignir.....	3.039.300	3.130.850
Samtals	33.276.685	44.308.695

40. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings:

Námsleyfi lækna

Í lok desembers 2018 nemur reiknuð skuldbinding vegna óbokaðra námsleyfa lækna samtals 632,8 m. kr.

Samningar

Sjúkrahúsið gerði á fyrri árum marga samninga vegna fjármögnunar á kaupum á varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum. Þeir samningar voru margir hverjir skilgreindir sem rekstrarleigusamningar, án tillits til samningsskilmála, og eftirstöðvar þeirra skuldbindinga því ekki færðar í reikningsskilin. Afborganir eru gjaldfærðar við greiðslu. Í skýringu nr. 32, um langtímaskuldir, er gerð grein fyrir þeim skuldbindingum á núvirði, sem nú eru færðar í efnahagsreikninginn. Í meðfylgjandi töflu er yfirlit um aðra samninga.

	Skuldbinding 31.12.2018	Til greiðslu		
		2019	2020	2021
Tölvubúnaður.....	50.274	17.702	17.702	17.702
Lækningatæki og annar tækjabúnaður.....	79.641	67.772	53.698	53.698
Samtals vegna tækja	129.914	85.474	71.400	71.400
Hugbúnaðar- og þjónustusamningar.....	807.558	317.762	317.762	317.762
Samtals	937.472	403.236	389.162	389.162

Húsaleiga

Landspítalinn hefur gert nokkra húsaleigusamninga við leigusala, með mismunandi samningstíma eða uppsagnarfresti. Fjárhagslegar skuldbindingar spítalans vegna þessa næstu þrjú árin nema 1.040,8 m. kr. í lok árs 2018. Sjá nánar í skýringu 2 i).

Skýringar

Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna stofnunarinnar er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilavenju A-hluta ríkissjóðs er þessi skuldbinding þó ekki færð í ársreikninginn þar sem heildarskuldbinding ríkisstofnana er færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

